# Fjármálaumhverfi fótboltans

6 fyrirlestrar með góðum gestum

fimmtudagskvöld frá 11.febrúar – 22.apríl

## *Fyrirlestraröð um fjármál og fótbolta – 6 fyrirlestrar með góðum gestum*

1. *11. febrúar kl 20:00-22:00 Alþjóðastofnanir (FIFA/UEFA), regluverk, mót og peningar. Spilling?*
2. *25. febrúar kl 20:00-22:00 Fjárhagslegt umhverfi – financial fair play, kaup/sala leikmanna, uppeldisbætur/samstöðubætur ofl.*
3. *11. mars kl 20:00-22:00 Rekstrarmódel knattspyrnufélaga og kostun/fjármögnun – England/Þýskaland/Spánn – Ísland*
4. *25. mars kl 20:00-22:00 Sjónvarps – og markaðsréttindi – mismunandi útgáfur og nálgun deilda í Evrópu*
5. *8. apríl kl 20:00-22:00 Veðmálastarfsemi – umfangið, veðmálasvindl/hagræðing úrslita – Ísland*
6. *22. apríl kl 20:00-22:00 Velta og rekstur knattspyrnufélaga/knattspyrnusambanda – Evrópa – Ísland*

Umsjón og efnistök: Þórir Hákonarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri KSÍ og Björn Berg, deildarstjóri Greiningar Íslandsbanka

Þátttökugjald kr. 15.000 fyrir alla fyrirlestrana sem fara fram í húsakynnum KSÍ

Skráning er hér: **https://forms.gle/GyDXoppD6CDFFjkQA** – Athugið að einungis 30 sæti eru í boði

Þátttaka á námskeiðunu gefur þjálfurum með KSÍ A/UEFA A eða KSÍ B/UEFA B þjálfararéttindin 12 endurmenntunarstig (2 fyrir hvern fyrirlestur)

# Fjármálaumhverfi fótboltans

## *Lýsing á fyrirlestraröð*

*Sex fyrirlestrar hálfsmánaðarlega í húsakynnum KSÍ þar sem farið verður yfir helstu atriði í fjármálaheimi fótboltans, allt frá rekstri alþjóðastofnana til félaga á Íslandi. Hvernig er fjármálaheimur fótboltans skipulagður, regluverkið, mótahaldið, hvaðan koma fjármunirnir,hvernig skiptast þeir, hverjir hafa aðgang að þeim, hvernig er farið með þá, í hvað stefnir? Viðburðurinn er ekki alfarið hugsaður sem fræðsluviðburður heldur samtal þátttakenda um fjármálaheim fótboltans og góðir gestir með reynslu og þekkingu á viðkomandi viðfangsefni mæta á hvern fyrirlestur og taka þátt í umræðum. Þátttakendur fá allar glærur auk þess að fá góðar upplýsingar um ítarefni enda málaflokkurinn stór og mikið efni sem hægt er að kynna sér sé áhugi fyrir.*

*Fyrir hinn almenna áhugamann, fyrir stjórnendur knattspyrnufélaga, fjölmlðlafólk, leikmenn, þjálfara og alla þá sem hafa gaman af upplýsandi samræðum, sögum og fræðslu um knattspyrnuheiminn.*